



Öndunarfærasýkingar


Vikur 13 – 14

27. mars – 9. apríl 2023


Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Inflúensa


Í viku 13 greindust 43 með staðfesta inflúensu en í viku 14 greindust aðeins 17. Toppurinn í vetur var talsvert fyrr á ferðinni en veturinn 2021–2022 og árin á undan (Mynd 1). Áfram greinast flestir með inflúensustofn B, en allar greiningar í viku 14 voru af þeim stofni (Mynd 2). Fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum ein-kennum er einnig á niðurleið (Mynd 3).



Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í vetur samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila (frá hausti 2016). Athuga skal að veturinn 2020–2021 er ekki inni í meðaltali en þá greindist ekkert tilfelli af inflúensu.




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum og stofnum á núverandi flensutímabili.



Mynd 3. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkenni samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015–2022 að undanskildum vetrinum 2020–2021.

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Sambærilegur fjöldi greindist með staðfesta COVID-19 sýkingu í vikum 13 og 14 og vikurnar þrjár þar á undan. Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna var einnig svipað (Mynd 4).




Mynd 4. Fjöldi COVID-19 greininga og hlutfall jákvæðra af heildarfjölda sýna veturinn 2022–2023.

Raðgreiningar sýna að Omicron afbrigðið XBB.1.5 greinist enn mest einstakra afbrigða hér á landi líkt og undanfarnar vikur. Tölulegar upplýsingar um SARS-CoV-2 raðgreiningar má sjá á [vef embættis landlæknis](#).

Í [samantekt fyrir viku 12](#) var fjallað frekar um COVID-19, aflýsingu á óvissustigi almannavarna vegna faraldursins og stöðuna í Evrópu.


Skarlatssótt og hálsbólga

Fjöldi klínískra greininga á [skarlatssótt](#) hefur fækkað og var fjöldi greininga í vikum 13 og 14 minni en hefur verið frá því fyrir áramót. Þó er vikulegur fjöldi greininga enn yfir meðaltali fyrri ára (Mynd 5).



Mynd 5. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017–2021.

Fjöldi greininga á hálsbólgu lækkaði einnig í vikum 13 og 14 samanborið við vikurnar á undan (Mynd 6).




Mynd 6. Vikulegar greiningar á hálsbólgu í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017–2021.

Aðrar öndunarfærasýkingar

Í viku 14 var heildarfjöldi greindra öndunarfæra veira minni en verið hefur frá upphafi þessa vetrar. Heilt yfir greindist sambærilegur eða minni fjöldi öndunarfæra veira í vikum 13 og 14 samanborið við vikurnar þar á undan. Frekari upplýsingar má nálgast á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Innlagnir á Landspítala

Í viku 14 lögðust 13 inn á Landspítala með/vegna COVID-19 en fjöldinn var 8 í viku 13. Innlögnum vegna inflúensu fer fækkandi og innlagnir vegna RSV hafa einnig verið fáar undanfarnar vikur (Mynd 7).



Mynd 7. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022–2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV.

Samantekt

Tilfelli staðfestrar inflúensu voru færri í viku 14 en þau hafa verið frá því í haust. Fjöldi tilfella hefur sveiflast talsvert undanfarnar vikur og greinast flestir með inflúensustofn B en hæsta toppi var náð í viku 51 í fyrra (inflúensustofn A). Klínískar greiningar á inflúensulíkum einkennum er á niðurleið. Fjöldi staðfesta COVID-19 sýkinga var sambærilegur í vikum 13 og 14 samanborið við þrjár vikur þar á undan. Klínískum greiningum á skarlatssótt og hálsbólgu fer fækkandi. Heilt yfir hefur greindum öndunarfæraveirum fækkað.

Sóttvarnir

Enn er full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu (60 ára og eldri og áhættuhópar).
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Lofta út.
- Áhættuhópar ættu að íhuga að nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á biðstofum heilbrigðisstofnana.
- Áhættuhópar ættu að sýna sérstaka varúð í fjölmenni og halda fjarlægð ef hægt er.